

Nefndasvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (fjármagnstekjuskattur), 374. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna því að loks sé komið að endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts sem lofað var árið 2018 í kjölfar hækkunar á álagningarprósentu. Hærri fjármagnstekjuskattur en ella dregur að öðru óbreyttur úr hvata til fjárfestingar og sparnaðar, en fjárfesting er grundvöllur atvinnusköpunar. Er endurskoðun skattstofnsins því nauðsynleg; og jafnframt ákveðið innlegg hagstjórnar í áttina að því að milda niðursveifluna sem íslenska hagkerfið stendur nú frammi fyrir. Þannig er hækkun frítekjumarks, sem nær yfir vaxtatekjur, að viðbættum arði og söluhagnaði skráðra hlutabréfa gangi frumvarpið eftir, skref í rétta átt að mati SA og ekki síður mikilvægt til þess að stuðla að aukinni þátttöku almennings á verðbréfamarkaði.

SA vilja þó nýta þetta tækifæri til að vekja máls á eftirfarandi atriðum sem þau telja mikilvægt að tekið sé tillit til áður en frumvarpið verður að lögum:

1. Einfalt skattkerfi og hófleg álagning ætti að hafa að leiðarljósi

Í tvískiptu skattkerfi er flatri álagningarprósentu fjármagnstekjuskatts ætlað að taka tillit til áhrifa verðbólgu við skattlagningu. Í anda tvíþætts kerfis ætti því heldur að styðjast við lægri skattprósentu en ella, í stað frítekjumarks, til að stemma stigu við áhrif verðbólgu við skattlagningu. Er það álit SA, nú sem endranær, að mikilvægt sé að halda skattkerfinu einföldu og það ekki flækt umfram það sem nauðsynlegt er.

2. Frítekjumark ætti að fylgja verðlagsþróun

SA telja að frítekjumark fjármagnstekna ætti að fylgja verðlagsþróun, líkt og lagt er til í skýrslu starfshóps um endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts. Væri það til þess fallið að tryggja að skattbyrði aukist ekki sjálfkrafa yfir tíma þar sem að öðrum kosti myndi frítekjumarkið rýrna að raunvirði í takt við hækkandi verðlag. Þessu til viðbótar leggja SA til að frítekjumarkið verði hækkað tímabundið fari verðbólga yfir ákveðið viðmið, líkt og einnig er lagt til í ofangreindri skýrslu, svo verja megi fjármagnseigendur gagnvart skattlagningu verðbólgu þegar viðlíka útsláttur á sér stað.

3. Gengishækkun hlutdeildarskírteina ætti að skattleggja líkt og söluhagnað af hlutabréfum

Hagnaður af fjárfestingu í hlutabréfasjóðum (hlutdeildarskírteinum) lýtur nú sömu reglum og vaxtatekjur, jafnvel þó hið fyrrnefnda sé heldur hliðstætt fjárfestingu í hlutabréfum og eðlisólíkt vaxtatekjum sem hljótast af innistæðureikningum. Þannig hallar á fjárfesta í hlutabréfasjóðum þar sem frádráttur gengistaps er óheimill á móti gengishagnaði, á meðan sölutap er frádráttarbært á móti söluhagnaði hlutabréfa. Kann þetta fyrirkomulag skattheimtunnar jafnframt að skapa hvata til aukinnar áhættutöku á hlutabréfamarkaði, umfram það sem fjárfestir hefði að öðrum kosti kosið. Að mati SA ætti að taka á ofangreindu misræmi og færa skattlagningu hlutabréfasjóða til samræmis við skattlagningu einstakra hlutabréfa en þetta misræmi samrýmist illa markmiðum ríkisstjórnarinnar um réttlátt skattkerfi óháð uppruna tekna.

Þessu til viðbótar taka SA undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) er varða fyrirhugaða breytingu á 30. gr. tekjuskattslaga og hvetja til þess að tekið sé fullt tillit til þeirra áður en frumvarpið verður að lögum.

Tvískipt skattkerfi kallar á hóflega álagningu á fjármagn

Hækkun frítekjumarks líkt og lagt er upp með í frumvarpinu veitir ákveðnum höfuðstól meira skjól við gefið verðbólguþig. Áhrif þess á skattbyrði raunvaxta eru jafnframt meiri eftir því sem raunvextir eru lægri en fjara áhrif út við herra raunvaxtastig, líkt og sjá má í skýrslu starfshóps um skattstofn fjármagnstekjuskatts og áhrif verðbólgu. Þá er frítekjumark þess eðlis að áhrif þess á skattbyrði dvína eftir því sem höfuðstóllinn er hærri. Skattbyrði raunvaxta verður því stighækkandi með tilvist frítekjumarks. Líkt og bent er á í fyrrgreindri skýrslu passar slíkt fyrirkomulag illa inn í grunnuppbyggingu tvíþætts skattkerfis, líkt og þeim sem fyrirfinnast á Norðurlöndum, þar sem flöt álagningarprósenta fjármagnstekjuskatts ætti að taka tillit til áhrifa verðbólgu við skattlagningu. Í anda tvíþætts kerfis ætti því að heldur að styðjast við lægri skattprósentu en ella, í stað frítekjumarks, til að stemma stigu við áhrif verðbólgu.

Ljóst er að ákveðið hefur verið að mæta áhrifum verðbólgu við skattlagningu fjármagns með frítekjumarki í stað þess að beita hóflegri álagningarprósentu en þeirrar sem nú er innheimt. Er það álit SA, nú sem endranær, að mikilvægt sé að halda skattkerfinu einföldu og það ekki flækt umfram það sem nauðsynlegt er. Þannig væri eðlilegast að skattur á fjármagnstekjur væri heldur hóflegri, og þannig tekið tillit til verðbólgu, ásamt því að jafnræðis yrði betur gætt milli fjármagnseigenda. Með ofangreint í huga og í ljósi þeirrar hækkunar sem gerð var á álagningarprósentu fjármagnstekjuskatts árið 2018 er það álit SA að eðlilegt sé að frítekjumarkið sé hækkað nú, og hefði raunar átt að gera strax árið 2018.

Frítekjumark ætti að fylgja verðlagsþróun

Nú þegar frítekjumark er ákveðið er jafnframt ákveðið hve háan höfuðstól eigi að verja gagnvart skattlagningu ákveðins verðbólguþegnis. Til þess að það viðmið sem valið hefur verið haldist stöðugt yfir tíma, þ.e. sá höfuðstóll sem er varinn er haldi raunvirði sínu, er það álit SA að æskilegt sé að frítekjumarkið fylgi verðlagsþróun. Með öðrum orðum ætti frítekjumarkið að vera tengt vísitölu neysluverðs; í takt við tillögur starfshóps um endurskoðun skattstofns fjármagnstekjuskatts. Væri það jafnframt til þess fallið að tryggja að skattbyrði aukist ekki sjálfkrafa yfir tíma þar sem að öðrum kosti myndi frítekjumarkið rýrna að raunvirði í takt við hækkandi verðlag.

Í skýrslu starfshópsins er einnig lagt til að ef verðbólga fer yfir ákveðið viðmið þá sé frítekjumarkið hækkað tímabundið svo verja megi fjármagnseigendur gagnvart hærri verðbólgu og skattlagningu hennar. Verðbólga er oft sveiflukennd og hefur íslenska hagkerfið lengi vel búið við hærri verðbólguþegni en gengur og gerist í okkar helstu nágrannalöndum. Telja SA því að tillaga starfshópsins um tímabundna hækkun frítekjumarks skyldi útfærð, t.a.m. með þeim hætti sem þar er lagt til, og færð inn í frumvarpið áður en það verður að lögum. Enda slík tilhögun í samræmi við markmið þau sem lagt var upp með við hækkun fjármagnstekjuskatts árið 2018 um réttlátara skattkerfi óháð uppruna tekna.

Misræmi í skattlagningu kann að skapa óæskilega hvata

Í dag gilda ólíkar reglur um hvernig skattlagningu gengishagnaðar af hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða og söluhagnaði af hlutabréfaeign er háttað. Að mati SA væri samræmi í skattalegri meðferð þessara tveggja tegunda fjármagnstekna í anda þess markmiðs sem lagt var upp með þegar álagningarprósenta fjármagnstekjuskatts var hækkuð árið 2018. Það er „að gera skattkerfið réttlátara óháð uppruna tekna“.

Fjármagnstekjur af hlutdeildarskírteinum lúta nú að sömu meðferð og vaxtatekjur, og óheimilt er að draga frá gengistap fyrir greiðslu fjármagnstekjuskatts líkt og leyfilegt er vegna sölutaps á hlutabréfum. Þannig er fjárfestum mismunað eftir því hvernig þeir kjósa að taka þátt á hlutabréfamarkaði, þ.e.a.s. á grundvelli þess hvort þeir kjósi að kaupa bréf í gegnum sjóði eða kaupir bréfin sjálf beint, jafnvel þó í raun sé um tvo hliðstæða kosti að ræða. Af hvoru tveggja getur hlotist tap sem taka þarf tillit til við skattlagningu. Vaxtatekjur eru aftur á móti eðlisólíkar þeim tekjum sem kunna að hljóttast af hvers kyns hlutabréfaviðskiptum enda verður ekki tap á innistæðueign, nema þá að raunvirði. Þá getur núverandi fyrirkomulag skattheimtunnar einnig skapað hvata til að fjárfesta heldur í einstaka hlutabréfum fremur en að nýta þá áhættudreifingu sem fjárfesting í sjóðum ber með sér. Þannig kann að vera að kerfið skapi hvata til aukinnar áhættutöku á hlutabréfamarkaði, umfram það sem fjárfestir hefði að öðrum kosti kosið.

SA leggja því til að áður en frumvarpið verður að lögum verði tekið á ofangreindu ósamræmi í skattlagningu fjármagnstekna vegna gengishagnaðar af hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða annars vegar, og söluhagnaði af hlutabréfaeign hins vegar. Enda samrýmist ofangreint misræmi í skattheimtu illa markmiðum ríkisstjórnarinnar um réttlátt skattkerfi óháð uppruna tekna.

Virðingarfyllst,



Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
f.h. Samtaka atvinnulífsins